

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2024

2024/EES/76/06

frá 5. júlí 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/883 frá 21. mars 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535 að því er varðar flöt til að merkja eftirvagn með öðru skráningarkerfi að aftan og massa orkugeymslukerfa og um leiðréttingu á þeirri reglugerð ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 52a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 0883:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/883 frá 21. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/883, 22.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/883, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/883, 22.3.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.